



LANDBÓTASJÓÐUR NORÐUR HÉRAÐS

Ársskýrsla 2015

Egilsstaðir, júní 2016

Efnisyfirlit

1	Inngangur.....	1
2	Heildarstaða uppgræðslunnar 2003 - 2015.....	1
3	Framkvæmdir árið 2015.....	2
3.1	Landgræðsluaðgerðir á heiðinni.....	3
3.1.1	Hrafnkelsdalur.....	3
3.1.2	Skænudalur.....	3
3.1.3	Faxahús.....	3
3.1.4	Hallarfjall	4
3.1.5	Laugarvalladalur.....	4
3.1.6	Múli	4
3.1.7	Brú.....	4
3.1.8	Grunnavatnsalda.....	4
3.1.9	Gildrusvæði (Norðan Ánavatns)	4
3.1.10	Botnahraun / Skollagrenisás.....	4
3.1.11	Skjöldólfsstaðamúli.....	4
3.2	Landgræðsluaðgerðir á áreyrum.....	4
3.2.1	Hólmatunga	5
3.2.2	Galtastaðir	5
3.2.3	Litli- Bakki	5
3.2.4	Aðrar eyrar	5
3.3	Framlag til bænda.....	5
3.4	Kort af framkvæmdum sjóðsins.	5
4	Árangursmat - skipulagning aðgerða.....	11
4.1	Heiðin	11
4.1.1	Vorskoðun	11
4.1.2	Haustskoðun	13
4.2	Áreyrar	19
4.2.1	Vorskoðun	19
4.2.2	Haustskoðun	21
4.3	Bændadreifing	21
5	Framkvæmdaáætlun 2016.....	22

6 Fundargerðir stjórnar 2015..... 23

6.1 Fundargerð 71. fundar stjórnar Landbótasjóðs Norður Héraðs 20.01.2015 á Egilsstöðum.....	23
6.2 Fundargerð 72. fundar stjórnar Landbótasjóðs Norður Héraðs 03.02.2015 á Egilsstöðum.....	24
6.3 Fundargerð 73. fundar stjórnar Landbótasjóðs Norður Héraðs 05.02.2015 á Egilsstöðum.....	25
6.4 Fundargerð 74. fundar stjórnar Landbótasjóðs Norður Héraðs 02.07.2015 á Skjöldólfsstöðum.....	26
6.5 Fundargerð 75. fundar stjórnar Landbótasjóðs Norður Héraðs 10.07.2015 á Egilsstöðum.....	27

7 Ársreikningur 29

Myndaskrá

Mynd 1: Sýnir tonnafjölda áburðar sem borin hafa verið á á vegum sjóðsins.....	1
Mynd 2: Sýnir kg fræs sem dreift hefur verið á vegum sjóðsins.	1
Mynd 3: Kort af syðstu svæðunum.	6
Mynd 4: Brú og nágrenni.	7
Mynd 5: Grunnavatnsalda og nágrenni.	8
Mynd 6: "Svæði milli vega".	9
Mynd 7: Áreyrar Jöklu 10	10
Mynd 8: Skriða utan Þverár í umsjón unglingahóps.	11
Mynd 9: Skænudalur í mistri.....	11
Mynd 10: Skænudalur. Búið að breiða 2 sinnum.....	12
Mynd 11: Enn talsverður snjór á svæðinu.....	12
Mynd 12: Út Hallarfjall.....	12
Mynd 13: Utarlega á Hallarfjalli.	12
Mynd 14: Dalbotn Laugarvalladals.....	12
Mynd 15: Laugarvalladalur. Sandorpinn dalbotn fékk áburð í fyrra. Blómplöntur og víðir með gisnum meltorfum.	12
Mynd 16: Laugarvalladalur. Ummerki um gæsabeit.	13
Mynd 17: Laugarvalladalur. Svæðið svarar mjög vel áburðargjöf.	13
Mynd 18: Laugarvalladalur. Melgresi.....	13
Mynd 19: Múli. Svæðið hægra megin við veg áborið 2014.....	13
Mynd 20: Skriða utan við Þverá. Uppgræðsla gengur eftir atvikum vel.....	14
Mynd 21: Hrafnkelsdalur. Ábornu svæðin vinsæl.	14
Mynd 22: Skænudalur neðri hluti. Svæðið áborið í ár eftir nokkurt hlé.	14
Mynd 23: Skænudalur. Sama og hér til hliðar.	14
Mynd 24: Skænudalur (Sveifarhæð). Hluti svæðisins að fá áburð í þriðja sinn.	14
Mynd 25: Skænudalur (Sveifarhæð). Gróður á lengra í land hér en neðar í dalnum.	14
Mynd 26: Sveifarhæð. Víðitorfan svarar vel áburði.	15
Mynd 27: Innan við Fremri-Axlir. Ekki áborið þetta sumarið. Árangur var mjög góður á þessum slóðum.	15

Mynd 28: Viðhaldsverkefni.	15
Mynd 29: Sum skiltin komin á tíma.	15
Mynd 30: Hallarfjall. Ein breiðsla.	15
Mynd 31: Laugarvalladalur. Ljósá svæðið fékk áburð 2 undanfarin ár. Nú var breitt utan Vesturdalsár.	15
Mynd 32: Laugarvalladalur. Svæðið innan við Vesturdalsá hefur tekið stakkaskiptum.	16
Mynd 33: Laugavalladalur. Enn eru þó opnanir.	16
Mynd 34: Laugarvalladalur. Víða laus jarðvegur og sandorpin svæði.	16
Mynd 35: Laugarvalladalur. Melgresi.	16
Mynd 36: Laugarvalladalur. Breitt var á mela, börð og sandorpnar grundir utan Vesturdalsár.	16
Mynd 37: Laugarvalladalur. Gróðurstyrking.	16
Mynd 38: Laugarvalladalur. Breitt á fokefnauppsprettur undir hliðinni.	17
Mynd 39: Laugarvalladalur. Melgresisbrúskur utan ár.	17
Mynd 40: Múli. Ábórið þetta árið.	17
Mynd 41: Múli. Sama svæði og til hliðar.	17
Mynd 42: Grunnavatnsalda. Ábórið vinstra megin við veg þetta sumarið.	17
Mynd 43: Grunnavatnsalda. Sama og hér til hliðar.	17
Mynd 44: Toddastykki.	18
Mynd 45: Toddastykki.	18
Mynd 46: Toddastykki.	18
Mynd 47: Toddastykki.	18
Mynd 48: Toddastykki.	18
Mynd 49: Toddastykki.	18
Mynd 50: Gildran (við Sænautasel). Miðhluti svæðisins fékk áburð að þessu sinni. Fyrirhugað að styrkja rana hægra megin á mynd næst.	19
Mynd 51: Sænautasel.	19
Mynd 52: Litla-bakka eyri. Gróður að gefa eftir. Svæðið fékk áburð sumarið 2015.	19
Mynd 53: Litla-bakka eyri. Tekið á svipuðum stað og mynd til hliðar.	19
Mynd 54: Galtastaðeyri. Svæðið fengið eina áburðargjöf.	20
Mynd 55: Galtastaðeyri. Sami og hér til hliðar.	20
Mynd 56: Galtastaðeyrir.	20
Mynd 57: Galtastaðeyri. Víða er víðir að stinga sér upp.	20
Mynd 58: Hrafnabjargareyri. Fær áburð í sumar.	20
Mynd 59: Surtstaðeyri. Fær áburð í sumar.	20
Mynd 60: Hólmatunga. Svæðið var hvílt sumarið 2015.	21
Mynd 61: Hólmatunga. Sami staður og hér til hliðar.	21
Mynd 62: Surtstaðeyri.	21
Mynd 63: Surtstaðeyri.	21

Allar ljósmyndir í skýrslunni eru teknar af Rúnari Inga Hjartarsyni sem einnig tók saman efni skýrslunnar.

1 Inngangur

Landbótasjóður Norður-Héraðs var stofnaður af þáverandi sveitarfélagi Norður-Héraði fyrir framlag Landsvirkjunar með það að aðalmarkmiði að græða upp land a.m.k. til jafns við það gróðurlendi sem tapaðist undir Hálslón. Einnig á sjóðurinn að standa að uppgræðslu á áreyrum Jökulsár á Dal en með minnkun vatnsmagns eykst hætta á uppfoki á áreyrum. Með tilkomu Kárahnjúkavirkjunar tapaðist um 32 km² af grónu landi undir Hálslón. Unnið hefur verið að þessari uppgræðslu frá árinu 2003 aðallega með því að bera tilbúinn áburð á lítt eða ógróið land innan áhrifasvæðis virkjunarinnar og örva þannig náttúrulega framvindu gróðurs á svæðinu. Ráðgjafarnefnd sjóðsins hefur haft umsjón með uppgræðsluaðgerðum, áætlanagerð og árangursmati og verktakar hafa unnið að dreifingu áburðar og fræs eftir því sem við á. Unglingavinnuflokkar Landsvirkjunar hafa og komið að dreifingu áburðar og fræs, aðallega í rofabörð þar sem vélar komast illa að.

2 Heildarstaða uppgræðslunnar 2003 - 2015


Unnið hefur verið að uppgræðslu á vegum Landbótasjóðs N-Héraðs frá 2003. Á þessum árum hafa verið teknir undir 5.811 ha lands til uppgræðslu. Sum svæði hefur verið farið oft um og jafnvel árvisst um einhverra ára bil en annað þurft (eða fengið) minni stuðning. Yfirleitt er árangur ágætlega áberandi og oft mjög góður. Einnig eru dæmi um svæði þar sem uppgræðsla hefur ekki tekist sem skyldi enn sem komið er. Á það helst við um áreyrnar neðan til í Jökulsá á Dal en flóð í ánni gera uppgræðslu erfiða. Uppgræðslusvæðin eru því mislangt á veg komin í gróðurframvindu.

Tafla 1: Taflan sýnir umfang svæða alls sem sjóðurinn hefur framkvæmt á til 2015


Svæði	ha
Heiði	4.776
Áreyrar	516
Bændadreifing	519
Samtals	5.811

Í töflu 1 eru tíundaðar helstu stærðir svæða sem farið hefur verið í. Unglingadreifing er innifalin í tölunum þar sem hún á við enda að jafnaði mjög afmarkaðir og brotnir skikar sem þeir sinna. Bændasvæðin eru þau svæði sem einstaka bændur hafa fengið framlög til að sinna á sínum jörðum úr sjóðnum. Heiðin er Jökuldalsheiði, Brúaröræfi, og svæði sem sjóðurinn hefur haft forgöngu um að græða.

Á myndum 1 og 2 má sjá magnið af áburði annars vegar og fræi hins vegar sem sjóðurinn hefur breitt ár hvert frá upphafi.



Mynd 1: Sýnir tonnafjölda áburðar sem borin hafa verið á á vegum sjóðsins.



Mynd 2: Sýnir kg fræs sem dreift hefur verið á vegum sjóðsins.

3 Framkvæmdir árið 2015

Uppgræðsluframkvæmdir á vegum Landbótasjóðs Norður-Héraðs héldu áfram á árinu 2015 með dreifingu á tilbúnum áburði og sáningu á grasfræi á rofsvæðum uppi á heiði og á áreyrum Jökulsár á Dal. Alls var dreift 140 tonnum af áburði á um 850 hektara lands og auk þess handdreift 120 kg af túnvingulsfræi. Áburðartegundin sem var notuð var Völlur 27-12 frá Búvís. Þetta er umtalsverð aukning frá árunum á undan.

Verktakarnir sem unnu við uppgræðsluframkvæmdir Landbótasjóðs N-Héraðs voru Agnar Benediktsson, Snæbjörn Ólason og Jón Björgvin Vernharðsson sem skiptu með sér áburðardreifingu á heiðinni og áreyrum Jöklu. Sigurður Jónsson sá um flutninginn á áburðinum. Vegna einstaklega erfiðs árferðis fór breiðslan fram töluvert síðar en undanfarin ár. Unnið var að uppgræðslu dagana 12. -16. júlí. Byrjað á heiðinni og endað á áreyrum.

Unglingavinnuflokkur Landsvirkjunar vann eins og á árunum á undan að uppgræðslustörfum fyrir Landbótasjóð N-Héraðs. Sú vinna hófst þann 13. júlí og lauk þann 29. júlí. Arnór Benediktsson stýrði hópnum og unglingarnir skiptust eitthvað út hverja viku. Vinna þeirra er mikilvægur hluti í uppgræðslu á rofabörðum og svæðum sem eru illa aðgengileg tækjum.

Bændur/landeigendur sáu í mörgum tilvikum sjálfir um það sem þeim var úthlutað undir liðnum „Framlög til bænda“. Mismunandi var hvenær svæði þeirra opnuðust. Í sumum tilfellum ekki fyrr en um mánaðarmót júlí/ágúst.

Í töflu 2 má sjá yfirlit yfir þau svæði sem breidd voru og magn áburðar og fræs á hverjum stað fyrir sig. Einnig er vísað til korta af svæðinu.

Tafla 2: Yfirlit svæða sem áborin voru sumarið 2015.

Skýring	Ha	Tonn áb.	kg/ha	Sekkir *)
Brú	103	16	155	32
Dýjafjöll	12	2	167	4
Eiríksstaðir	10	2,5	250	5
Galtastaðir	47	8	170	16
Gildra (Sænautasel)	47	8	170	16
Grunnavatnsalda	110	15,5	141	31
Hallarfall	28	3	107	6
Hákonarstaðir	15	2,5	167	5
Hnefilsdalur	22	2,5	114	5
Hrafnkelsdalur	9	2	222	4
Laugavalladalur	48	6,5	135	13
Merki	17	2,5	147	5
Svæði milli vega	141	19,5	138	39
Múli	31	6,5	210	13
Mælivellir **)		2,5		5
Skænudalur	117	17	145	34
Teigasel	7	2,5	357	5
Sænautasel		0,5		1
Skjöldólfsstaðamúli	21	3,5	167	7
Veiðieyri	2	0,5	250	1
Hrafnabjargaeyri	18	2,5	139	5
Litla-Bakkaeyri	33	5	152	10
Surtsstaðeyri	15	2,5	167	5

*) 500 kg sekkir

**) Vantar upplýsingar um staðsetningu

3.1 Landgræðsluaðgerðir á heiðinni

Á heiði var breitt 104 tonnum af áburði á um 655 ha lands. Þar af var 98 tonnum véldreift af verktökum en unglingar frá vinnuflokki Landsvirkjunar handdreifðu 6 tonnum í skriður og rofabörð og 500 kg var dreift í rofsvæði við Þríhyrningsvatn. Auk þess sáði unglingahópurinn 120 kg af húðuðum túnvingli með áburðardreifingunni.

3.1.1 Hrafnkelsdalur

Í Hrafnkelsdal var breitt um 9 ha svæði á milli Vaðbrekku og Aðalbóls, á svipuð svæði og í fyrra. Að mestu leiti var dreift með vélum, 2 tonn af áburði en auk þess um 500 kg handdreift í rofabörð.

3.1.2 Skænudalur

Breitt var á 117 ha svæði í Skænudal með vélum. Hluti fór efsta hluta svæðisins sem fékk í fyrra en einnig var svæðið stækkað yfir á Sveifarhæð til suðurs. Á þetta fóru 17 tonn af áburði. Auk þess var handdreift um 500 kg auk fræs.

3.1.3 Faxahús

Svæðið fékk ekki áburð í ár.

3.1.4 Hallarfjall

Nýtt svæði var áborið í ár, norðan við þar sem sleppti í fyrra, um 28 ha og 3 tonn áburðar notuð.

3.1.5 Laugarvalladalur

Nýtt svæði utan við Vesturdalsá var breitt í ár, um 48 ha og 6,5 tonn af áburði notað. Þetta er nokkur aukning frá því í fyrra.

3.1.6 Múli

Á Múla var breitt 6,5 tonnum á 31 ha lands. Að hluta til var farið á sama svæði og í fyrra, t.d. á móts við Sniðanes. Áherslan nú er utarlega á svæðinu svo og neðst.

3.1.7 Brú

Breitt var á 103 ha í landi Brúar og 16 tonn af áburði. Bæði við Vörðuhraun og Grænöxl (síðarnefnda svæðið fékk ekki áburð í fyrra vegna bleytutíðar). Handdreift var áburði í skriðu utan við Þverá.

3.1.8 Grunnavatnsalda

Haldið var áfram með breiðslu þar sem frá var horfið í fyrra með töluvert meiri áburð að þessu sinni en undanfarin ár, 15,5 tonn á 110 ha. Svæðið er allt norðan við vegslóða að þessu sinni og haldið inn eftir. Auk þess var 1 tonni áburðar handdreift í börð við Grunnavatnslæk og Heiðarsel.

3.1.9 Gildrusvæði (Norðan Ánavatns)

Að venju var borið á gildrusvæðið (norður af Ánavatni. Nú fóru á það 8 tonn á 47 ha lands. Þetta árið var það innri hluti svæðisins (ekki varð þó komist á innsta hlutann með Ánavatni). Einnig var sett á nokkur veik smærri svæði yst í Gildru sem lítið höfðu fengið á undanförunum árum. Auk þess fékk Sænautasel 500 kg af áburði.

3.1.10 Botnahraun / Skollagrenisás

Á svæðið fór 19,5 tonn af áburði á 141 ha og er það umtalsverð aukning frá fyrri árum. Hluti fór vestan og innan við Botnahraun, utan og innan við veg (vestast í Botnum). Í Lönguhlíð var sett á yst í hlíðinni og tengt gróðurtorfum þar utan við. Að hluta á svæði sem ekki hefur fengið áburð áður. Nokkur hluti áburðar var nýttur á s.k. Toddastykki, norðan Skollagrenisáss. Á svæðinu var auk þess handbreidd 2.500 kg af áburði með tilheyrandi af fræi, aðallega í Lönguhlíð, Botnahrauni og Toddastykki.

3.1.11 Skjöldólfsstaðamúli

Ábornir voru 21 ha með 3,5 tonnum af áburði, aðallega um miðbik svæðisins. Ekki er komist á þessi svæði öll sumur á dreifingartíma vegna bleytu.

3.2 Landgræðsluaðgerðir á áreyrum

Á áreyrar var breitt á um 115 ha lands og notuð 18,5 tonn af áburði sem er nokkur aukning frá fyrri árum. Í ár var nokkur áhersla á eyrar sem hafa verið undanskildar áburði um nokkurra ára skeið og gróðurþekja sýndi veikleikamerki.

3.2.1 Hólmatunga

Á Hólmatungu var ekki breitt að þessu sinni.

3.2.2 Galtastaðir

Tvær eyrar utan og innan við Galtastaði voru breiddar að hluta. Ytri eyrin fékk áburð á svipað svæði og í fyrra. Á innri eyrina var áherslan á melstykkið yst og jaðarinn meðfram ánni. Alls voru þarna breiddir 47 ha með 8 tonnum áburðar.

3.2.3 Litli- Bakki

Breitt var á stærsta hluta af uppgræðslusvæðinu, 33 ha með 5 tonnum af áburði.

3.2.4 Aðrar eyrar


Hrafnabjargaeyririn og Surtstaðaeyrin fengu saman 5 tonn af áburði á 33 ha svæði. Auk þess fékk Veiðieyrin talsvert magn þarf sem hún var notuð í Bakkapróf.

3.3 Framlag til bænda


Nokkrir einstaklingar hafa fengið úthlutað úr sjóðnum til að sinna svæðum í sínu nánasta umhverfi. Í töflu 2 er þessi úthlutun tíunduð ásamt öðru. Alls eru þetta átta aðilar sem fá úthlutun og breiddu samtals um 100 ha til gróðurstyrkingar (gögn vantar fyrir Mælivelli). Að mestu unnið með vélum en í tilfelli Þríhryningsvatns er um handdreifingu að ræða í rofabörð og opnanir.

3.4 Kort af framkvæmdum sjóðsins.


Á næstu síðum eru sýnd kort af helstu framkvæmdum sjóðsins. Á þeim má einnig lesa hvar áherslan hefur verið frá því áburðargjöf hófst á vegum verkefnisins. Litirnir gefa til kynna hve oft hefur verið farið yfir hvern 10*10m reit og þar með vísbending um hve mikla meðferð reiturinn hefur fengið.




Mynd 3: Kort af syðstu svæðunum.




Mynd 4: Brú og nágrenni.



Mynd 5: Grunnvatnsalda og nágrenni.



Mynd 6: "Svæði milli vega".



Mynd 7: Áreyrar Jöklu

4 Árangursmat - skipulagning aðgerða

Ráðgjafanefnd kom saman nokkrum sinnum á árinu 2015 í henni sitja Baldur Grétarsson Fljótsdalshérað, Dagbjartur Jónsson Landsvirkjun og Rúnar Ingi Hjartarson Landgræðslunni. Hún er stjórn til ráðgjafar vegna tilboða í áburð. Í ársbyrjun kemur nefndin saman vegna áætlunar sumarsins. Á vorin er farið um svæðin og lögð lokahönd á útfærslu breiðslu sumarsins og tillaga lögð fyrir stjórn til. Ráðgjafanefndin verkstýrir verktökum. Að hausti er árangur sumarsins metin og lögð drög að næstu skrefum.

4.1 Heiðin

Sumarið var mjög kalt framan af og gróður á heiðum tók afar seint við sér. Áburðarbreiðsla fór því fram með allra síðasta móti eða um miðjan júlí. Haustið var þó hagstætt og vatnsbúskapur yfirleitt ekki til vandræða. Árangur breiðslu var því sæmilegur er upp var staðið þó fræðroska hafi í mörgum tilvikum verið ábótavant sökum stutts vaxtatímabils.

Þar sem dreift var með höndum var víðast hvar þokkalegur árangur en rofabörðin sem átt er við eru misjöfn og sum hver mjög erfið í uppgræðslu.

4.1.1 Varskoðun

Skoðunarferð var farin um heiðina 29.6.15 (Baldur, Dagbjartur og Rúnar Ingi). Veturinn var í meðallagi snjópungur víðast hvar á svæðinu. Vorið var kalt og leysing gekk hægar fyrir sig en oftast. Gróður var því óvenju seint á ferðinni. Meðfylgjandi eru nokkrar myndir og athugasemdir úr ferðinni.



Mynd 8: Skriða utan þverár í umsjón unglíngahóps.



Mynd 9: Skænudalur í mistri.



Mynd 10: Skænudalur. Búið að breiða 2 sinnum.



Mynd 11: Enn talsverður snjór á svæðinu.



Mynd 12: Út Hallarfjall.



Mynd 13: Utarlega á Hallarfjalli.



Mynd 14: Dalbotn Laugarvalladals.



Mynd 15: Laugarvalladalur. Sandorpinn dalbotn fékk áburð í fyrra. Blómplöntur og víðir með gisnum meltorfum.



Mynd 16: Laugarvalladalur. Ummerki um gæsabeit.



Mynd 17: Laugarvalladalur. Svæðið svarar mjög vel áburðargjöf.



Mynd 18: Laugarvalladalur. Melgresi.



Mynd 19: Múli. Svæðið hægra megin við veg áborið 2014.

4.1.2 Haustskoðun

Skoðunarferð var farin um heiðina 24.09.15 (Baldur, Dagbjartur og Rúnar Ingi). Heiðin kom seint undan snjó um vorið og sumraði seint. Vatnsbúskapur var yfirleitt ekki til vandræða og haustaði vel. Vaxtartíminn lengdist því óvenju langt inn í árið en var eftir sem áður mjög stuttur. Meðfylgjandi eru nokkrar myndir og athugasemdir úr ferðinni.



Mynd 20: Skriða utan við Þverá. Uppgræðsla gengur eftir atvikum vel..



Mynd 21: Hrafnkelsdalur. Ábornu svæðin vinsæl.



Mynd 22: Skænudalur neðri hluti. Svæðið áborið í ár eftir nokkurt hlé.



Mynd 23: Skænudalur. Sama og hér til hliðar.



Mynd 24: Skænudalur (Sveifarhæð). Hluti svæðisins að fá áburð í þriðja sinn.



Mynd 25: Skænudalur (Sveifarhæð). Gróður á lengra í land hér en neðar í dalnum.




Mynd 26: Sveifarhæð. Viðitorfan svarar vel áburði.



Mynd 27: Innan við Fremri-Axlir. Ekki áborið þetta sumarið. Árangur var mjög góður á þessum slóðum.



Mynd 28: Viðhaldsverkefni.



Mynd 29: Sum skiltin komin á tíma.



Mynd 30: Hallarfjall. Ein breiðsla.



Mynd 31: Laugarvalladalur. Ljósa svæðið fékk áburð 2 undanfarin ár. Nú var breitt utan Vesturdalsár.



Mynd 32: Laugarvalladalur. Svæðið innan við Vesturdalsá hefur tekið stakkaskiptum.




Mynd 33: Laugavalladalur. Enn eru þó opnanir.



Mynd 34: Laugarvalladalur. Víða laus jarðvegur og sandorpin svæði.



Mynd 35: Laugarvalladalur. Melgresi.



Mynd 36: Laugarvalladalur. Breitt var á mela, börð og sandorpnar grundir utan Vesturdalsár.



Mynd 37: Laugarvalladalur. Gróðurstyrking.



Mynd 38: Laugarvalladalur. Breitt á fokefnauppsprettur undir hliðinni.



Mynd 39: Laugarvalladalur. Melgresisbrúskur utan ár.



Mynd 40: Múli. Ábórið þetta árið.



Mynd 41: Múli. Sama svæði og til hliðar.



Mynd 42: Grunnavatnsalda. Ábórið vinstra megin við veg þetta sumarið.



Mynd 43: Grunnavatnsalda. Sama og hér til hliðar.



Mynd 44: Toddastykki.



Mynd 45: Toddastykki.



Mynd 46: Toddastykki.



Mynd 47: Toddastykki.



Mynd 48: Toddastykki.



Mynd 49: Toddastykki.



Mynd 50: Gildran (við Sænautasel). Miðhluti svæðisins fékk áburð að þessu sinni. Fyrirhugað að styrkja rana hægra megin á mynd næst.



Mynd 51: Sænautasel.

4.2 Áreyrar

Árangur á áreyrunum var ágætur sumarið 2015. Flóð í Jöklu og foksandur höfðu óveruleg áhrif á uppgræðslur. Sumarið skilaði reglulegri úrkomu sem er mikilvægt auðnum sem hafa litla vatnsheldni. Vorkuldinn var ekki alveg jafn nístandi og til heiða. Ummerki um beit, ekki síst gæsabeit, eru víða.

4.2.1 Vorskóðun

Skoðunarferð var farin um áreyrar 1.7.15. Meðfylgjandi eru nokkrar myndir og athugasemdir úr ferðinni.



Mynd 52: Litla-bakka eyri. Gróður að gefa eftir. Svæðið fékk áburð sumarið 2015.



Mynd 53: Litla-bakka eyri. Tekið á svipuðum stað og mynd til hliðar.



Mynd 54: Galtastaðaeypri. Svæðið fengið eina áburðargjöf.



Mynd 55: Galtastaðaeypri. Sami og hér til hliðar.



Mynd 56: Galtastaðaeypir.



Mynd 57: Galtastaðaeypri. Víða er víðir að stinga sér upp.



Mynd 58: Hrafnabjargareypri. Fær áburð í sumar.



Mynd 59: Surtssstaðaeypri. Fær áburð í sumar.



Mynd 60: Hólmatunga. Svæðið var hvílt sumarið 2015.



Mynd 61: Hólmatunga. Sami staður og hér til hliðar.

4.2.2 Haustskoðun

Engin eiginleg skoðunarferð var farin að haustinu á vegum ráðgjafanefndar. Vegna ýmissa anna og árferðis féll venjubundin skoðunarferð niður en látið duga hefðbundið gróðureftirlit



Mynd 62: Surtssstaðeyri.



Mynd 63: Surtssstaðeyri.

einstaka nefndarmanna yfir sumarið. Flest svæðin sem unnið var á eru aðgengileg og sýnileg af vegi og meðfylgjandi eru myndir teknar af héraðsfulltrúa 14.7.2016 af Surtssstaðeyri, tæpum mánuði eftir áburðargjöf.

4.3 Bændadreifing

Ekki var gerð sérstök úttekt á öðrum svæðum á árinu (bændasvæðin) en samkvæmt lauslegri athugun má segja að almennt hafi árangur verið í takt við annað og sæmilegur um allt svæðið. Í einhverjum tilfellum varð þó ekki komist á svæðin fyrr en í júlilok en vegna hagstæðs tíðarfars fram á haust var framvindan yfirleitt þökkaleg.

5 Framkvæmdaáætlun 2016

Á árinu verða keypt 175 tonn af áburði af tegundinni Völlur 27-12 sem Búvís flytur inn. Í meðfylgjandi töflu er yfirlit yfir hvernig áætlað er að ráðstafa áburðinum sumarið 2016 en auk þess er áætlað að dreifa um 120 kg af fræi.

Skýring	2015 Aðgerðir				2016 Áætlun
	Ha	Tonn	kg/ha	Sekkir *)	Tonn
Brú	103	16	155	32	22
Gildra (Sænautasel)	47	8	170	16	8
Grunnavatnsalda	110	16	141	31	19,5
Hallarfall	28	3	107	6	6
Hrafnkelsdalur	9	2	222	4	2
Laugavalladalur	48	7	135	13	10
Svæði milli vega	141	20	138	39	25,5
Múli	31	7	210	13	6
Skænudalur	117	17	145	34	5
Skjöldólfsstaðamúli	21	4	167	7	3,5
Faxahús					14
Glúmstaðadalur	17				3
Vaðbrekkuháls					8
Dýjafjöll	12	2	167	4	2,5
Eiríksstaðir	10	3	250	5	2,5
Hákonarstaðir	15	3	167	5	2,5
Hnefilsdalur	22	3	114	5	2,5
Merki	17	3	147	5	2,5
Mælivellir		3		5	2,5
Teigasel	7	3	357	5	2,5
Þríhyrningsvatn		1		1	0,5
Galtastaðir	47	8	170	16	8
Veiðieyri	2	1	250	1	
Hrafnabjargaeyri	18	3	139	5	
Litla-Bakkaeyri	33	5	152	10	3
Surtsstaðeyri	15	3	167	5	
Hólmatunga eyrar					7
Sænautasel		1		1	0,5
Handáburður		6		12	6
	870	140		280	175

*) M.v. 500 kg sekkir

6 Fundargerðir stjórnar 2015

6.1 Fundargerð 71. fundar stjórnar Landbótasjóðs Norður Héraðs 20.01.2015 á Egilsstöðum.

Mætt eru til fundar, Sigvaldi H Ragnarsson, Katrín Ásgeirsdóttir og Björn Hallur Gunnarsson. Sigvaldi setti fund kl 13:15.

1. Samþykkt og undirritun fundargerðar frá 04.08 2014 .

Fundargerðin staðfest.

2. Samningar við verktaka .

Samningar við verktaka eru lausir. Ákveðið að fá þá verktaka sem voru með samninga við sjóðinn á fund nefndarinnar þann 29.01.2015.

3. Ársreikningur 2014.

Sigurður Álfgeir Sigurðsson endurskoðandi hjá Deloitte mætti til fundar undir þessum dagskrárlið og fór yfir ársreikning 2014 með stjórnarmönnum. (Tölur í sviga eru frá ársuppgjöri 2013). Hrein eign sjóðsins í árslok er kr. 291.617.913 (293.428.876). Til ráðstöfunar á árinu 2015 eru áætlaðar 23. millj kr. (18,8) milljónir sem byggir meðal annars á 3 milj.kr.framlagi frá Alcoa Foundation sem og á að raunávöxtun bankainnstæðu verði 1,6 % (2%). Að lokinni yfirferð var reikningurinn borin upp til samþykktar.

Samþykktur samhljóða.

Ársreikninginn verður sendur til ríkisskattsstjóra, ríkisendurskoðunar , Landsvirkjunar , ráðgjafanefndar sjóðsins, bæjarstjóra, aðal- og varamanna stjórnar. Sigurði þökkuð koman sem og veitt þjónusta Deloitte , vék hann hér af fundi.

4. Fjárhagsáætlun 2015.

Farið yfir fjárhagsáætlun / útgjaldaáætlun fyrir árið 2015. Ljóst er miðað við ársuppgjör að svigrúm til áburðarkaupa er meira en síðasta ár.

Tekin ákvörðum um þóknun stjórnarmanna en stjórnarlaun hafa ekki tekið breytingum frá 2006. Forsendur þeirra launa tóku mið af launum sveitarstjórnar Norður Héraðs eins og þau voru þegar sjóðurinn var stofnaður. Laun stjórnarmanna á árinu 2015 taki mið af launataxta FOSA launaflokkur 120, 1. þrep eins og hann verður á útborgunadegi launa. Greitt verði 12 % af umræddum taxta fyrir hvern setinn fund . Formaður fái sama álag á laun og verið hefur eða 54,5 %. Akstur verði greiddur eftir ríkistaxta .

5. Áburðarkaup 2015.

Formanni falið að óska eftir tilboðum frá áburðarbirgjum í allt að 140 tonn af áburði. Opnun tilboða fer fram þriðjudaginn 3. Febr. kl 13:30 á bæjarskrifstofu Fljótsdalshéraðs.

6. Kynningarferð Landbótasjóðs 14.08.2014.

Formaður leggur fram minnisblað um ferðina sem varðveitt verður í skjölum sjóðsins. Stjórnarmönnum var greitt fyrir undirbúning sem og framkvæmdar ferðarinnar sem nam einni fundarsetu, greiðsla sú fór fram í launauppgjöri í desember 2014.

Samþykkt samhljóða.

7. Önnur mál

Engin mál borin upp undir þessum lið.

8. Afgreiðsla fundargerðar

Formanni falið að ganga frá fundargerð og senda hana á stjórnarmenn. Fundargerðin verði undirrituð á næsta fundi stjórnar.

9. Fundarslit kl 16:00

Fundargerð ritar Sigvaldi H Ragnarsson

6.2 Fundargerð 72. fundar stjórnar Landbótasjóðs Norður Héraðs 03.02.2015 á Egilsstöðum.

Mætt eru til fundar; Sigvaldi H. Ragnarsson, Katrín Ásgeirsdóttir og Björn Hallur Gunnarsson. Sigvaldi setti fund kl 13:00

10. Samþykkt og undirritun fundargerðar frá 20.01 2015.

Fundargerðin undirrituð og staðfest.

11. Opnun tilboða í áburð.

Mættir til fundar Rúnar Ingi Hjartarson og Dagbjartur Jónsson frá ráðgjafanefnd sjóðsins. Einnig eru mættir eftirtaldir fulltrúar tilboðsgjafa; Vignir Elvar Vignisson frá Fóðurblöndunni / Áburðarverksmiðjunni, Helgi Elísson frá SS / Yara, Steinn Björnsson frá Skeljungi / Sprettur. Efirfarandi tilboð hafa borist.

Tafla yfir tilboð í áburð 2015 með uppgefnum tölum frá tilboðsaðilum.

Tilboðsgjafi	Tegund	magn tn.	kr/tn án vsk	samt. án vsk	kr/tn m vsk	samt. með vsk	gr.dagur	annað
Fóðurblandan	Fjölmóði 4	139,8		9.394.846			1.mars	
Yara	Yara 26-4	140	69.822	9.775.080	86.579	12.121.099	15.mai	tilboð 1
Yara	Yara 26-4	129	69.822	9.007.038	86.579	11.168.727	15.mai	tilboð 2
Sprettur	Sprettur 27-6	139,8	66.615	9.312.777		11.547.844	15.mai	tilboð 1
Sprettur	Sprettur 23-12	139,8	71.270	9.963.546		12.354.797	15.mai	tilboð 2
Búvís	Völlur 26-6	140	67.603	9.464.420		11.735.881	1.mai	
Búvís	Völlur 27-12	140	69.873	9.782.220		12.129.953	1.mai	
Búvís	Völlur 30-5	140	65.880	9.223.200		11.436.768	1.mai	

Helgi Elísson vekur athygli á að áburður frá Yara er selenbættur. Steinn Björnsson vekur athygli á uppbygging N er með CaN í 23 -12 áburði frá Spretti .
Áburðasölum þökkuað koman.

Fleira ekki gert undir þessum lið.

12. Meðferð tilboða .

Stjórn sjóðsins ásamt fulltrúum ráðgjafanefndar (Dagbjartur og Rúnar Ingi) yfirfóru tilboðin. Á grundvelli þeirrar skoðunar er ákveðið að ganga til samninga við Búvís um kaup á 140 tonnum af Velli 27 – 12 fyrir kr. 12.129.953 með vsk. Áburðurinn verður afgreiddur á Reyðarfirði. Komi fram gallar á áburði við dreifingu áskilur sjóðurinn sér rétt til að gallaður áburður verði bættur.

Samþykkt samhljóða.

13. Verkefni sumarins.

Ráðgjafanefnd kom saman til fundar í gær (02.02.2015) vegna verkefna sumarins 2015. Áætlun gengur út á að dreifa 140 tonnum af áburði þar af 14,5 tonn á áreyrar Jökulsár, 5 tonn á vegum sumarvinnuflokks LV og um 16,5 tonn í svokallaða bændadreifingu.

14. Önnur mál.

Fundur með verktökum sem átti að vera 29.01. s.l. var frestað vegna veðurs. Fundað verður með verktökum n.k. fimmtudag 05.02.

15. Afgreiðsla fundargerðar.

Formanni falið að ganga frá fundargerð og senda hana á stjórnarmenn. Fundargerðin verði undirrituð á næsta fundi stjórnar.

16. Fundarslit kl 16:20

Fundargerð ritar Sigvaldi H Ragnarsson.

6.3 Fundargerð 73. fundar stjórnar Landbótasjóðs Norður Héraðs 05.02.2015 á Egilsstöðum.

Mætt eru til fundar: Sigvaldi H. Ragnarsson, Katrín Ásgeirsdóttir og Björn Hallur Gunnarsson.

Sigvaldi setti fund kl 12:30

17. Samþykkt og undirritun fundargerðar frá 03.02 2015.

Fundargerðin undirrituð og staðfest.

18. Samningar við verktaka.

Undir þessum lið mættu Snæbjörn Ólason, Agnar Benediktsson, Jón Björgvin Vernharðsson og Sigurður H. Jónsson en þeir voru með verktakasamninga við sjóðinn sem runnu út 2014. Einnig var Viggó M. Eiríksson boðaður til fundar, hann var einnig með verktakasamninga við sjóðinn en mætti ekki vegna annara starfa.

Stjórn er samþykkt að leita samninga við fráfarandi verktaka með ákveðnum breytingum á fyrri samningum er varðar áburðardreifingu. Formanni falið að ræða við Viggó M. Eiríksson.

Samþykkt samhljóða

19. Önnur mál .

Skoðað verði með opinn kynningarfund á starfssemi sjóðsins og verkefnum næstu ára. Stefnt yrði að halda fundinn í mars n.k.. Rætt verði við ráðgjafanefnd um aðkomu hennar að slíkum fundi.

20. Afgreiðsla fundargerðar.

Formanni falið að ganga frá fundargerð og senda hana á stjórnarmenn. Fundargerðin verði undirrituð á næsta fundi stjórnar.

21. Fundarslit kl 15:35

Fundargerð ritar Sigvaldi H Ragnarsson.

6.4 Fundargerð 74. fundar stjórnar Landbótasjóðs Norður Héraðs 02.07.2015 á Skjöldólfsstöðum.

Mætt eru til fundar: Sigvaldi H. Ragnarsson, Katrín Ásgeirsdóttir og Björn Hallur Gunnarsson.

Sigvaldi setti fund kl 17:00

22. Samþykkt og undirritun fundargerðar frá 05.02 2015.

Fundargerðin undirrituð og staðfest.

23. Samningar við verktaka til samþykktar.

Samkvæmt ákvörðun stjórnar sjóðsins frá 05.02.15 ákvað stjórn að leita samninga við fráfarandi verktaka. Sigurður H Jónsson, Snæbjörn Ólason, Agnar Benediktsson og Jón Björgvin Vernharsson hafa gengið að samningsdrögum stjórnar sem byggir að mestu á óbreyttum fyrri samningum. Viggó Már Eiríksson afþakkaði endurnýjun á samningi.

Samningsdrög lögð fram til samþykktar stjórnar.

Samþykkt samhljóða.

Þar sem fráfarandi verktaki á Jökulsáreyrum afþakkaði endurnýjun á samningi og ekki hefur verið samið við annan verktaka um umrætt svæði er lagt til að nýtt verði ákvæði 1.gr samnings við dreifingarverktaka, vegna uppgræðsluvinnu 2015 á umræddu svæði „þá munu verksalar dreifa áburði og fræi á önnur svæði en framan er getið óski verkkaupi þess.“ Tilv lýkur.

Samþykkt samhljóða.

24. Verkáætlun landbótastarfs 2015. Ráðgjafanefnd kynnir tillögur sínar.

Mættir eru til fundar Baldur Grétarsson, Dagbjartur Jónsson og Rúnar Ingi Hjartarson frá ráðgjafanefnd sjóðsins.

Ráðgjafanefnd fór um uppgræðslusvæðin á Jökuldalsheiði og Hrafnkelsdal 29. júní sl. og um Jökulsáreyrar í Jökulsárhlíð og Hróarstungu var farið 30.júní sl.

Baldur gerði grein fyrir skiptingu þeirra 140 tónna (110,4) af áburði sem borin verða á þetta sumarið, 98,5 tn. (76,8) á Jökuldalsheiði, Brúarsvæði og Hrafnkelsdal. Jökulsáreyrar 18,5 tn. (12) á Jökulsáreyrar og 17,5 tn. (16,8) til svonefndar bændadreifingar. Auk þessa mun unglingavinnaflokkur Landsvirkjunar dreifa 5,5 tn. (4,8) af áburði. Ekki er gert ráð fyrir frædreifingu en starfsmanni LV er falið að meta þörf fyrir fræ. Dreifing sú er vinnaflokkurinn framkvæmir er á svæðum sem ekki eru véltæk. (tölur í sviga magn 2014) Ráðgjafanefnd telur heiðarsvæðin ekki tilbúin strax vegna bleytu, í ljósi veðurátlits samkv. veðurspám má ætla að dreifing þar hefjist ekki fyrr en undir miðjan júlímánuð. Ekkert er til fyrirstöðu að hefja dreifingu á Jökulsáreyrum.

Verkáætlun 2015 lögð fram til samþykktar stjórnar.

Samþykkt samhljóða.

25. Önnur mál

4.1 Sigvaldi ræddi opinn kynningarfund sem ráðgerður hafði verið í mars sl. og ekki varð af. *Ákveðið að stefna að slíkum fundi nk. vetur.*

4.2 Baldur ræddi rúllu / heydreifingu . Nefndi Toddastykki í því sambandi. Umræður urðu um aðrar leiðir uppgræðsluvinnu á umræddu svæði.

Stjórn og ráðgjafanefnd er opin fyrir slíkri vinnu 2015 enda rúmist hún innan ramma fjárhagsáætlunar.

a. Dagbjartur ræddi um töku jarðvegsýna á uppgræðslusvæðum.

Rúnari falið að komast að kostnaði við úrvinnslu slíkra sýna . Stjórn tekur afstöðu til málsins þegar sú athugun liggur fyrir.

5. Undirritun samninga við verktaka .

Mættir eru undir þessum lið Sigurður H. Jónsson flutningverktaki. Snæbjörn V Ólason, Agnar Benediktsson og Jón Björgvin Vernharðsson dreifingarverktakar.

Samningar undirritaðir til næstu fjögurra ára.

6. Verktökum og starfsmanni sumarvinnuflokks LV kynnt verkáætlun.

Undir þessum lið er mættur Arnór Benediktsson starfsmaður sumarvinnuflokks LV ásamt áðurnefndum verktökum.

Formaður óskaði eftir að verktakar sæju um dreifingu á Jökulsáreyrar sumarið 2015 samanber samþykkt fyrr á fundinum undir 2. dagskrárlið.

Verktakar gera ekki athugasemd við þá beðini.

Baldur fór því næst yfir verkáætlunina og gerði verktökum grein fyrir henni.

7. Afgreiðsla fundargerðar.

Formanni falið að ganga frá fundargerð og senda hana á stjórnarmenn. Fundargerðin verði undirrituð á næsta fundi stjórnar.

26. Fundarslit kl 19:00.

Að loknum fundi þáðu fundarmenn kvöldverð í boði Landbótasjóðs að Sigurði H Jónssyni undanskildum.

Fundargerð ritar Sigvaldi H Ragnarsson.

6.5 Fundargerð 75. fundar stjórnar Landbótasjóðs Norður Héraðs 10.07.2015 á Egilsstöðum.

Mætt eru til fundar: Sigvaldi H. Ragnarsson, Katrín Ásgeirsdóttir og Jónas Guðmundsson varamaður í fjarveru Björns Halls Gunnarssonar.

Sigvaldi setti fund kl 16:30

1. Samþykkt og undirritun fundargerðar frá 02.07. 2015.

Fundargerðin undirrituð og staðfest.

2. Staða útgjaldaáætlunar 2015.

Farið var yfir stöðu útgjaldaáætlunar 2015.

3. Frækaup 2015.

Formaður skýrði frá að starfsmaður Landgræðslunnar hafi pantað 500 kg af fræi frá Landgræðslunni að verðmæti rúmlega 400.000 kr.

Eftirfarandi tillaga lögð fram .

Landbótasjóður Norður Héraðs mun greiða fyrir það fræ sem starfsmaður unglingavinnuflokks Lv. metur þörf fyrir og notað verður samanber fundargerð 74. fundar 3.lið „Ekki er gert ráð fyrir frædreifingu en starfsmanni LV er falið að meta þörf fyrir fræ.“ Tilv lýkur, enda fari magnið ekki yfir 500 kg.

Samþykkt samhljóða .

4. Styrkbeiðni frá Landgræðslufélagi Héraðsbúa.

Fyrir liggur styrkbeiðni frá Landgræðslufélagi Héraðsbúa vegna dreifingar á heyrúllum í Giljahólum á Jökuldal. Styrkbeiðnin hljóðar upp á 500.000 kr.

Formaður hefur kallað eftir álit eða umsögn frá ráðgjafanefnd sjóðsins. Baldur Grétarsson er mættur undir þessum lið til að gefa stjórn umsögn og álit ráðgjafanefndar á verkefninu. Ráðgjafanefnd fór vettvangsferð fyrr í dag um Giljahóla.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Þar sem fyrir liggur álit ráðgjafanefndar Landbótasjóðs Norður Héraðs, samþykkir stjórn sjóðsins að veita Landgræðslufélagi Héraðsbúa allt að 500.000 kr. styrk til rúlludreifingar í Giljahólum á Jökuldal. Skilyrði fyrir styrkveitingunni er að samráð skal haft við ráðgjafanefnd Landbótasjóðs Norður Héraðs um framkvæmdina. Styrkurinn verður greiddur út að framkvæmd lokinni enda liggi fyrir úttektarskýrsla ráðgjafanefndar Landbótasjóðs Norður Héraðs til stjórnar sjóðsins. Heimilt er að greiða hluta styrksins út fyrr þá í samræmi við stöðu verkefnis. Vakin er athygli á að svæðið náttúruminjasrá.

Samþykkt samhljóða.

5. Önnur mál.

5.1 Upplýsingarskilti.

Formanni falið að kanna hversu mörg upplýsingarskilti Landbótasjóðs þarfnast lagfæringar. Jafnframt er formanni falið að gera verðkönnun á slíkum skiltum.

6. Afgreiðsla fundargerðar.

Formanni falið að ganga frá fundargerð og senda hana á stjórnarmenn. Fundargerðin verði undirrituð á næsta fundi stjórnar.

7. Fundarslit kl 18:05

Fundargerð ritar Sigvaldi H Ragnarsson.

7 Ársreikningur

Landbótasjóður Norður-Héraðs

Ársreikningur

2015

Landbótasjóður Norður-Héraðs
Brúarási
701 Egilsstaðir
kt. 450204-3150

Landbótasjóður Norður-Héraðs

Ársreikningur

2015

Efnisyfirlit

Könnunaráritun óháðs endurskoðanda	2
Skýrsla stjórnar	3
Yfirlit um ráðstöfunarfé	4
Efnahagsreikningur	5
Yfirlit um sjóðstreymi	6
Skýringar og sundurliðanir	7-9

Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Landbótasjóðs Norður-Héraðs.

Við höfum kannað meðfylgjandi ársreikning Landbótasjóðs Norður-Héraðs fyrir árið 2015. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit um ráðstöfunarfé, efnahagsreikning og yfirlit um sjóðstreymi, auk skýringa og sundurliðana.

Ábyrgð stjórnar á ársreikningnum

Stjórn sjóðsins er ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um ársreikninginn sem byggð er á könnuninni.

Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2400, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á ársreikningum. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum félagsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskila og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn viðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við álit um endurskoðun ekki í ljós.

Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að ársreikningurinn gefi glögga mynd af ráðstöfunarfé sjóðsins á árinu 2015, hreinni eign hans 31. desember 2015 og breytingu á handbæru fé á árinu 2015, í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur á Íslandi.

Egilsstöðum, 20. janúar 2016

Deloitte ehf.


Sigurður Álfgeir Sigurðarson
endurskoðandi

Skýrsla stjórnar

Að álitu stjórnar Landbótasjóðs Norður-Héraðs koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu sjóðsins í árslok, starfsemi ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Landbótasjóður Norður-Héraðs var stofnaður á árinu 2003 með skipulagsskrá, sem staðfest var af ráðherra dómsmála. Markmið sjóðsins er einkum að annast umsýslu á framlagi Landsvirkjunar, samanber nánari umfjöllun í skýringu nr. 1 í ársreikningnum.

Samkvæmt skipulagsskrá er stjórn sjóðsins heimilt að úthluta árlega jafngildi raunvaxta sjóðsins auk 1/40 hluta eigin fjár hans, þannig að sjóðurinn eyðist upp á 40 árum. Eins og fram kemur í skýringu nr. 6 í ársreikningnum nam heimil úthlutun samkvæmt þessu 16,5 millj. kr. á árinu, en óráðstafað frá fyrra ári nam 8,2 millj. kr. Ráðstöfun á árinu 2015 nam 18,1 millj. kr., og óráðstafað í árslok 6,7 millj. kr. Miðað við núverandi vaxtakjör á eignum sjóðsins má áætla að til úthlutunar á árinu 2016 geti orðið u.þ.b. 25,1 milljónir króna. Í þeirri upphæð er gert ráð fyrir að þriðja greiðsla styrks frá Alcoa sem fékkst árið 2015 verði notuð á árinu 2016 sbr. skýringu 4.

Stjórn Landbótasjóðs Norður-Héraðs staðfestir hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2015 með undirritun sinni.

Brúarási, 20. janúar 2016

Í stjórn

Sigurður A. Ragnarson

Katrín Ágúrsdóttir

Þjón Hallur Gunnarsson

Yfirlit um ráðstöfunarfé 2015

	Skýr.	2015	2014
Innborguð framlög			
Framlög Landsvirkjunar	3	4.000.000	4.000.000
Greiddar verðbætur Landsvirkjunar	3	4.939.481	4.713.256
Hreindýraarður		259.154	306.862
Framlög frá Alcoa	4	3.225.000	3.256.500
		<u>12.423.635</u>	<u>12.276.618</u>
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur	9	12.893.752	10.459.449
Fjármagnstekjuskattur	9	(2.578.656)	(2.091.441)
Vaxtagjöld	9	(110)	(3.551)
		<u>10.314.986</u>	<u>8.364.457</u>
		<u>22.738.621</u>	<u>20.641.075</u>
Útgjöld			
Kostnaður við landbætur og annar kostnaður	10	(18.086.719)	(14.266.159)
		<u>(18.086.719)</u>	<u>(14.266.159)</u>
Aðrir liðir			
Óhafin framlög Landsvirkjunar, breyting	3	(7.670.029)	(8.185.879)
		<u>(7.670.029)</u>	<u>(8.185.879)</u>
(Lækkun), hækkun á hreinni eign á árinu			
	6	(3.018.127)	(1.810.963)
Hrein eign frá fyrra ári			
		<u>291.617.913</u>	<u>293.428.876</u>
Hrein eign í árslok			
	6	<u>288.599.786</u>	<u>291.617.913</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2015

	Skýr.	31.12.2015	31.12.2014
Eignir			
Langtímakröfur			
Óhafin framlög Landsvirkjunar	3	18.512.968	26.182.997
		<u>18.512.968</u>	<u>26.182.997</u>
Kröfur			
Virðisaukaskattur		112.162	93.386
Skammtímakröfur		706	0
		<u>112.868</u>	<u>93.386</u>
Handbært fé			
Bankainnstæður	5	269.973.950	265.348.176
		<u>269.973.950</u>	<u>265.348.176</u>
		<u>288.599.786</u>	<u>291.624.559</u>
Skuldir			
Skammtímaskuldir			
Ógreiddur launakostnaður		0	6.646
		<u>0</u>	<u>6.646</u>
Hrein eign		<u>288.599.786</u>	<u>291.617.913</u>
 Hrein eign			
Óráðstöfuð heimild til úthlutunar	6	6.657.759	5.075.783
Framlag Alcoa til ráðstöfunar á næsta ári		3.225.000	3.156.500
Til ráðstöfunar síðar	6	<u>278.717.027</u>	<u>283.385.630</u>
Hrein eign samtals		<u>288.599.786</u>	<u>291.617.913</u>

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2015

	Skýr.	2015	2014
Inngreiðslur			
Innborguð framlög Landsvirkjunar	3	8.939.481	8.713.256
Aðrar innborgaðar tekjur	6	3.483.448	3.563.362
Innborgaðir vextir	9	10.315.096	8.368.008
		<u>22.738.025</u>	<u>20.644.626</u>
Útgreiðslur			
Útborgaður landbótakostnaður og annar kostnaður		(18.112.141)	(14.353.493)
Vaxtagjöld	9	(110)	(3.551)
		<u>(18.112.251)</u>	<u>(14.357.044)</u>
Hækkun á handbæru fé		4.625.774	6.287.582
Handbært fé í ársbyrjun		<u>265.348.176</u>	<u>259.060.594</u>
Handbært fé í lok árs		<u>269.973.950</u>	<u>265.348.176</u>

Skýringar og sundurliðanir

1. Starfsemi

Landbótasjóður Norður-Héraðs var stofnsettur árið 2003 og var skipulagsskrá hans staðfest af ráðherra í október það ár.

Markmiðið með stofnun sjóðsins er einkum að annast umsýslu á framlagi Landsvirkjunar, skv. samningi við sveitarfélagið Norður-Hérað, um uppgæðslu til endurheimtu gróðurlendis sem tapast vegna byggingar Kárahnjúkavirkjunar. Í skipulagsskránni er markmiðum sjóðsins lýst nánar. Kemur þar meðal annars fram, að stjórn sjóðsins sé heimilt að nýta til úthlutunar úr sjóðnum jafngildi raunvaxta hvers árs að viðbættum 2,5% af eigin fé hans, þannig að sjóðurinn eyðist upp á eigi skemmri tíma en 40 árum, frá og með árinu 2003 að telja. Í skýringu nr. 5 hér á eftir er gerð grein fyrir hvaða fjárhæð var frjals til úthlutunar á árinu og fyrra ári.

2. Reikningsskilaaðferðir

Ársreikningurinn er í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju á Íslandi. Ársreikningurinn er gerður eftir kostnaðarverðsaðferð.

Í stað hefðbundins rekstrarreiknings inniheldur ársreikningurinn yfirlit um ráðstöfunarfé. Er þar gerð grein fyrir innborgun fjármuna til sjóðsins og ráðstöfun fjármuna til verkefna hans.

Eignir og skuldir sem bundnar eru vísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar upp miðað við verðlag eða gengi í árslok.

Aðrar reikningsskilaaðferðir sem snerta einstök efnisatriði ársreikningsins eru tilgreindar í skýringum hér á eftir.

3. Framlög Landsvirkjunar

Fjárframlög Landsvirkjunar samkvæmt samningi við Norður-Hérað nema alls kr. 200.000.000, og skulu þau greidd á 15 árum. Framlöggin eru verðtryggt með vísitölu byggingakostnaðar og er grunnvísitala miðuð við septembermánuð 2002, eða 277,6 stig.

Landsvirkjun hefur þegar greitt kr. 192.000.000 af ofangreindri fjárhæð, auk verðbóta. Samningsfjárhæðir sundurliðast þannig:

	2015	2014
Greidd framlög til þessa, nafnverð.....	192.000.000	188.000.000
Verðbætur við greiðslur.....	41.923.630	36.984.149
Greitt alls.....	233.923.630	224.984.149
Framlög til og með árinu 2017.....	8.000.000	12.000.000
Áfallnar verðbætur í árslok.....	10.512.968	14.182.997
Óhafin framlög samtals.....	18.512.968	26.182.997
	252.436.598	251.167.146

Skýringar og sundurliðanir

4. Framlög frá Alcoa

Landbótasjóður sótti um styrk til Alcoa Foundation. Styrkur hefur fengist til þriggja ára upp á USD 75.000 og greiðist jafnt yfir tímann, þ.e. USD 25.000 pr. ár. Styrkurinn er ætlaður til uppgræðslu á landi. Fyrsti hluti styrksins fékkst greiddur 2013 og var notaður 2014. Annar hluti styrksins fékkst greiddur 2014 og var notaður 2015. Seinasti hlutinn fékkst greiddur 2015 og verður notaður 2016.

5. Handbært fé

Handbært fé er ávaxtað á Bakhjarlsreikningi hjá Sparisjóði Norðfjarðar.

6. Hrein eign

Breytingar á hreinni eign greinast þannig:

	2015	2014
Langtímahluti:		
Frá fyrra ári	283.385.630	290.508.735
Verðtrygging höfuðstóls	5.654.250	2.997.810
Laust til ráðstöfunar, 1/28 (1/29) hluti	(10.322.853)	(10.120.915)
	<u>278.717.027</u>	<u>283.385.630</u>
Skammtímahluti:		
Frá fyrra ári	8.232.283	2.920.141
Til ráðstöfunar af höfuðstól, sjá ofar	10.322.853	10.120.915
Fjármunatekjur umfram verðtryggingu höfuðstóls	5.930.188	5.894.024
Hreindýraarður	259.154	306.862
Framlag frá Alcoa vegna kynningarferðar	0	100.000
Ráðstafað á árinu	(18.086.719)	(14.266.159)
Óráðstöfuð (ofráðstöfuð) heimild í árslok	<u>6.657.759</u>	<u>5.075.783</u>
Framlög frá Alcoa	<u>3.225.000</u>	<u>3.156.500</u>
Hrein eign samtals	<u>288.599.786</u>	<u>291.617.913</u>

7. Skattamál

Landbótasjóður Norður-Héraðs er undanþeginn tekjuskatti.

8. Ábyrgðir og veðsetningar

Ábyrgðir utan efnahagsreiknings eru engar.

Skýringar og sundurliðanir

9. Önnur mál

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

	2015	2014
Vextir af bankareikningi.....	12.893.752	10.459.449
Afdreginn fjármagnstekjuskattur.....	(2.578.656)	(2.091.441)
Vaxtagjöld	(110)	(3.551)
	<u>10.314.986</u>	<u>8.364.457</u>

10. Kostnaður við landbætur og annar kostnaður

Sundurliðast þannig:		
Áburður og fræ	12.129.953	9.727.411
Aðkeypt vinna verktaka	3.462.951	2.420.602
Flutningskostnaður	774.541	815.612
Styrkir til landgræðslu	450.000	0
Kynningarferð	0	403.340
Vinnulaun	515.710	620.200
Akstur	150.104	165.648
Tryggingagjald	52.960	63.881
Lífeyrissjóður	41.257	55.792
Endurhæfingarsjóður	670	808
Fundakostnaður	45.000	40.000
Aðkeypt sérfræðipjónusta	463.573	366.218
Endurgreiddur virðisaukaskattur, 2008 til 2013	0	(413.353)
	<u>18.086.719</u>	<u>14.266.159</u>